

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 194.

14. júní 1973.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.**

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað: Egilsbraut 5 og 7, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Björn Björnsson, Kristján P. Guðmundsson og Vigfús Guttormsson.

Egilsbraut 6, íbúð Sigurbjargar Þorvarðsdóttur.

Egilsbraut 14 og 16, sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.

Hafnarbraut 15, eigandi Guðröður Jónsson.

Hafnarbraut 23, pakkhús, eigandi Clipper h. f.

Hafnarbraut 25, eigandi Þorvaldur Einarsson.

Hafnarbraut 27, sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.

Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h. f.

Hafnarbraut 51, sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.

Miðstræti 7 (Svalbarð), eigandi db. Stefáns Guðmundssonar.

Nesgata 2, eigandi db. Björns Ingvarssonar.

Strandgata 7, skúr, eigandi Jósep Halldórsson.

Strandgata 11, íbúðarhús, eigandi Stefán Höskuldsson.

Strandgata 13, sjóhús, eigendur Stefán Höskuldsson og Garðar og Óskar Lárussynir.

Strandgata 17 (Nýhöfn), eigandi Guðmundur Bjarnason.

Strandgata 19, sjó- og fiskverkunarhús, eigandi Ölver Guðmundsson.

Strandgata 21, sjóhús, eigandi db. Gísla Bergsveinssonar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1923, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1973.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.